

Birgir Kjaran:

NIELS R. FINSEN

FYRRI HLUTI

„Því á ljósi lifað hef ég,
ljósið var mín einkahlíf,
blindur, þrotinn gjarnan gef ég
gyðju ljóssins þetta líf.
Seint og snemma alla ævi
undi ég sem barn á strönd,
meðan upp úr svölum sævi
sólin reis og birti lönd.“

Matth. Jochumsson
"Niels Finsen ljóslæknir"



Árið 1860. Þórshöfn í Færeyjum er enginn stórstaður, aðeins lítið þorp fiskimanna, íbúar 860, ólýstar götur og engin sæmileg höfn. Engu að síður er hún höfuðstaður hinna sautján eyja og aðsetur amtmannsins, æðsta embættismanns konungsins.

Á því herrans ári fæddist hjónunum Hannesi Finsen cand. juris, þáverandi lög-reglustjóra í Þórshöfn og konu hans, Johanne Fromann, annar sonurinn, sem skírður var Niels Ryberg.

Hannes Finsen var kominn af einni af elztu ættum Íslands, og rakti kyn sitt til Gríms Kambans, höfðingja í Sogni í Nor-egi, sem fyrstur Norðmanna kom til Færeyja. Hér á landi var ættin rakin til Þórð-

ar Bjarnasonar landnámsmanns, er bjó að Höfða á Höfðaströnd í kringum árið 900. Skjaldarmerki ættarinnar var hvítur fálki á bláum feldi.

Kunnastur af síðari niðjum þeirrar ættar voru dr. theol. Finnur Jónsson biskup í Skálholti (1704—1789) og sonur hans, dr. Hannes biskup (1739—1796). Báðir lær-dómsmenn miklir og kirkjuhöfðingjar. Hannesi Finnssyni hafði m.a. verið boðin prófessorsstaða við Hafnarháskóla, og Finnur biskup skrifaði merka kirkjusögu. Til þeirra biskupanna má rekja nafn Finsensættarinnar. Hannes Finsen, faðir Nielsar, var fæddur í Reykjavík árið 1828. Hann var aðeins 30 ára að aldri skipaður amtmaður í Færeyjum árið 1871 og síðar



stiftamtmaður í Ribestifti í Danmörku og lézt í Ribe 1892. Hann var tvíkvæntur og var Niels af fyrra hjónabandi og alsystkini hans voru Olaf Finsen etatsráð og apótekari í Þórshöfn, frú Elsa Reyn og Vilhelm Finsen póstmeistari í Kaupmannahöfn.

Hannes Finsen amtmaður var talinn skyldurækin, mildur og réttsýnn embættismaður. Hann var þess vegna vel látinn af öllum almenningi í Færeyjum. Hann lifði hóglátu lífi og ól börn sín upp með ástúð og við lestur góðra bóka, á meðan hann beið þess að hljóta frekari embættisframa í Danmörku.

Niels Finsen ólst upp í Færeyjum til fimmtán ára aldurs. Bernskuleikir hans voru hinir sömu og annarra eyjabarna, nema hvað hann undi sér oft við að tálga og skera út og fór haglega með hnífinn.

Það reyndist hann og síðar við læknanámið. — Hann er sannkallað náttúrubarn. fer í smalamennsku, klifrar í björgum og virðir fyrir sér fuglalífið. Hann hefur gaman af hinum kvika, rauðnefjaða tjaldi, eftirlætisfugli Færeyinga. Hann situr oft á klettabrún og bíður þess með eftirvæntingu að sjá skip koma af hafi. Sérstaklega er jólaskipið frá Kaupmannahöfn langþráð, því að það hefur meðferðis jólagjafir og sөлgæti handa börnunum.

Hann sér líka grindadráp og sér og heyrir grindadansinn stiginn og sunginn; hringdans með forsöngvara og viðlagi, sem allir taka undir:

*„Röskir drengir
grindadrápið.
Það er okkar dád.“*

Honum ofbjóða aðfarirnar og fer heim að sofa, en við og við vaknar hann, því söngurinn gerist æ háværi eftir því sem á nóttina líður.

Brátt verður nauðsyn að senda einhverja af eldri drengjum amtmannsins til náms í Danmörku, því að enginn latínu- eða menntaskóli er þá í Færeyjum. Aðeins 14 ára varð náttúrubarnið frá Færeyjum að fara á heimavistarskóla í Danmörku, að Herlufsholm. Niels virðist ekki hafa unað sér sérlega vel þarna. Honum gekk námið heldur stirðlega, því að undirbúningurinn frá Færeyjum var engan veginn sambærilegur við þá kennslu, sem Kaupmannahafnardrengirnir höfðu notið, enda sat hann eftir í bekk, og skólastjórinn skrifar um hann: „Niels Finsen er elskulegur drengur, en hæfileikarnir eru takmarkaðir og svo skortir hann algerlega allan dugnað. Og hálfu öðru ári síðar, þegar hann er fluttur í Reykjavíkurskóla, segir rektorinn þar: „Ég er hræddur um það, Niels, að það verði aldrei maður úr þér.“ En þar fékk hann þó fyrst áhuga fyrir náttúrfræði og löngunin til þess að verða læknir lét þar fyrst á sér bera.

Hann er fermdur í Færeyjum af hinum nafnkunna Hammershaime, sem er vinur fjölskyldunnar.

Um þessar mundir skrifar hann Ólafi bróður sínum bréf: „Kæri Ólafur bróðir. Þakka bréfin þín. Vilhjálmur frændi var hér í gær og sagði, að ég ætti 11. ágúst að fara með „Díönu“ til Færeyja og þann 16. þaðan með „Areturus“ frá Kaupmannahöfn til Íslands. Ég á að búa þar hjá ömmu og skólagjöld eru engin.“ Og í október 1876 tekur María amma hans á móti honum. Hún hefur verið ekkja í 4 ár. Þeim lyndir vel saman, ömmunni og

drengnum, sem verður brátt augasteinn hennar.

Skólagangan í Reykjavík verður honum fyrst í stað dálítið erfiður reynslutími. Bekkjarbræðurnir eru misjafnir að aldri og þroska, sumir eru þrítugir. Sjálfur er hann aðeins sextán ára. Og svo tefur málið fyrir honum.

Hann skrifar Ólafi 17. 10. 1876 smá lýsingu á nokkrum kennaranna: „Rektor er gamall maður, sem ekki hefur mikið að segja. . . er feitlaginn maður, sem þykir sopinn góður. . . S. G. kennir okkur trúarbrögðin (mjög feitur og elskulegur) . . . P. M. kennari í sögu (mjög gamaldags og viðfelldinn)“ — Þetta lagast þó allt fljótlega, og 2. des. 1876 skrifar hann Ólafi aftur: „Þetta, sem ég skrifaði síðast um kennarana eru ýkjur, mér falla þeir nú vel í geð. Námið gengur betur. Síðast var ég 14., en nú fimmti. Ég tala enn ekki íslenzku, en er farinn að skilja málið.“ Og svo lýsir hann skólahaldinu: „Ég fer á fætur kl. 8,30 og á að vera mættur í skólanum kl. 7,50. Hann hefst með bæn, þ.e.a.s. fyrst er sunginn sálmur og því næst tónar einhver piltanna, svo les annar piltur bæn, og þá er sunginn sálmur. Þessi andakt tekur 12 mínútur. Allir piltar nefnast skólapiltar. — Sama andakt er endurtekin á kvöldin kl. 10.“ Niels býr ekki nema 5—6 mínútna gang frá skólanum. En á óstundvísi er tekið stranglega. Honum fellur vel jafnréttisandinn í skólanum: „Fúxinn og dúxinn njóta jafnréttis meðal skólafélaganna.“ Fer á „rall“ í skólanum og stöku sinnum í útreiðartúra. Hann eignast íslenzka vini, m.a. Sveinbjörn Sveinbjörns-son, síðar yfirkennara í Árósum, og Jón Helgason, síðar biskup, og kynnist frændum sínum, landfógetasonunum Hannesi og

Árna Thorsteinson. Hann ferðast um landið og kemur t.d. að Höfi til Halldórs Jónssonar, sem er kvæntur Valgerði frænku hans. Í Reykjavík er hann og tíður gestur á heimilum frændfólks síns, Hilmars Finsen landshöfðingja og Ólafs Finsen póstmeistara. — Um Íslandsdvölinna farast honum einnig svo orð: „Ég er orðinn hálf afmenntaður (uciviliseret) og alíslenzkur, tala jafnvel dönsku með fallegasta íslenzka hreim, — og einstakur vitringur, — verri en nokkru sinni áður — óheflaður og svörgúlslegur.“ — Talið er, að Íslandsdvölin hafi haft mikil áhrif á Niels og aukið félagslyndi hans.

Stúdentsprófið gekk erfiðlega, enda var hann þá sjúkur, en prófi náði hann samt 18. júlí 1882, 21. árs að aldri. Fékk hann heldur lélegar einkunnir í flestum fögum nema náttúrufræði og stærðfræðigreinum. — Þá sagði hann við vin sinn Jón Helgason: „Ég ætla að verða læknir. — Finnst þér það ekki hljóma rétt vel dr. Finsen?“

Nokkrum mánuðum eftir stúdentspróf heldur hann til Kaupmannahafnar og innritast í læknaeild háskólans. Sem íslenzkur stúdent á hann heimild til Garðsvistar. Hann fær herbergi í hornherbergi á gatnamótum Köbmagerstræde og Kanninstræde. Á Garði býr hann í góðu yfirlæti í fjögur ár. Hann hefur ýmis áhugamál fyrir utan námið. Í Færeyjum hafði hann vanizt að synda í sjó og var góður sundmaður. Hann hefur ánægju af róðrum og að sigla um sundin blá. Í þessum ferðum hafa þeir félagar með sér riffla og stunda fuglaveiðar frá bátnum. Niels er ágæt skytta, en þrek hans er þegar tekið að minnka. Sjúkdómurinn, sem þjáði hann síðar í 16—18 ár, er farinn að gera vart við sig, hann má ekki reyna á sig við róðra og siglingar og



Fæðingarbær Niels R. Finsen.

verður að láta sér nægja skotíþróttina. Hann ver öllum frístundum sínum á skotbrautinni, tekur þátt í fjölda skotkeppna og hlýtur mörg fyrstu verðlaun í Danmörku og verður Norðurlandameistari í skotfimi. En brátt verða jafnvel skotæfingarnar honum ofraun, og þá hverfur hann aftur að æskuiðju sinni, teiknar og tálgar í tré, því að aðgerðarlaus gat hann aldrei verið, jafnvel í frístundum sínum.

Í skólaleyfum er Niels oft hjá föður sínum, amtmanninum í Ribe. Það var eðlilegt, að synir amtmannsins og dætur Balslev biskups (sem samdi gamla kverið) hittust oft. Og þar skeði það, að eftir að Niels hafði tekið fyrrihlutapróf 1889, hitti hann ungfrú Ingeborg Balslev og trúlofuðust þau fljótlega, og síðar varð hún eiginkona hans og tryggur förunautur á erfiðri lífsbraut.

Háskólaprófi í lækisfræði lýkur hann í árslok 1890, en fær aðeins aðra einkunn. Þetta voru honum vonbrigði, því að hann hafði búið sig undir prófið eins vel og heilsan leyfði. Það varð honum þó mikil sárabót og uppörfun, að prófessor J. H. Chievitz viðurkennir hæfileika hans og ræður hann, þrátt fyrir slakt próf, sem aðstoðarmann sinn. Þetta var talinn veruleg-

ur vegsauki fyrir hinn 30 ára gamla lækna-kandidat.

En áður en lengra er haldið skulum við aðeins víkja ögn nánar að háskólaárunum og heimilinu í Ribe og láta Árna Thorsteinson tónskáld segja fáein orð um Niels eins og hann kemst að orði í Hörpu minninganna:

„Peir, sem ég umgekkst mest fyrst eftir komuna til Kaupmannahafnar, auk Hannesar bróður míns, voru bræðurnir Vilhelm Finsen, póstfulltrúi við aðalpósthúsið í Kaupmannahöfn og síðar póstmeistari í Charlottenlund, og Niels R. Finsen læknir. Niels þekkti ég áður, en hann var skóla-bróðir Hannesar og stúdent héðan að heiman. Kom hann oft til foreldra minna á skólaárum sínum hér, en annars bjó hann hjá Marie ömmu sinni í Suðurgötu 4. — Nokkrum dögum eftir að ég kom til Kaupmannahafnar, eða 5. október um haustið, áttu Hannes Finsen, stiftamtmaður í Ribe, og síðari kona hans, Brigitte Kristine Fromann, silfurbrúðkaup. Fengum við Hannes þá boðsbréf, þar sem þess var óskað, að við mættum í veizlu, er halda átti í tilefni af hjúskaparafmælinu. Hannes átti þá annríkt í próflestri og gat ekki komið því við að fara, svo að það varð úr, að ég færi einsamall. Hafði ég þá aldrei stigið upp í járnbrautarlest, en átti 10—11 stunda ferðalag fyrir höndum, bæði í lest og á skipi yfir Litla- og Stórabelti. Þegar til Ribe kom, var þar margmenni í amtmannsbústaðnum, frændur og venzlafólk hjónanna víðs vegar að. Var staðarlegt að líta þangað heim, því að kringum húsið var stór og fagur aldingarður, og máttu gestirnir tína ávexti af trjánum eftir vild og gátu valið um epli, perur, stöngulber og fleira.

Fyrstu nóttina svaf ég í amtmannsbústaðnum, en daginn eftir bættust við gestir, og varð þá að koma sumum fyrir til gistingar í öðrum húsum. Mér var komið fyrir hjá Balslev biskupi og konu hans, en Niels var þá heitbundinn Ingeborg dóttur þeirra. Biskupshjónin voru öldruð og virðuleg, og man ég, að ég leit biskupinn með ekki lítilli lotningu. — Eitt árið, sem ég dvaldist í Danmörku, var mér aftur boðið til Ribe, og var þar í sumarleyfi mínu. Þá var Niels R. Finsen einnig heima og bræður hans, Steingrímur og Jón.“

Niels R. Finsen kvæntist Ingeborg Dorotheu og voru þau vígð í frúarkirkjunni í Kaupmannahöfn 29. des. 1892 og var Árni Thorsteinson þar m.a. viðstaddur ásamt miklu fjölmenni.

KROSSGÖTUR

Sumir segja, að krossgötur sé þar t. d. á fjöllum eða hæðum, sem sér til fjögurra kirkna. Elzta trúin er sú, að menn skuli liggja úti á jólanótt, því þá er áraskipti, og enn í dag telja menn aldur sinn eftir jólanóttum og sá er t. d. kallaður fimmtán vetra, sem hefur lifað fimmtán jólanætur. Síðar færðu menn árs byrjunina á nýjársnótt.

Þegar menn sitja á krossgötum, þá koma álfar úr öllum áttum og þyrpast að manni og biðja hann að koma með sér, en maður má engu gegna. Þá bera þeir manni allskonar gersemar: gull og silfur, klæði, mat og drykk, en maður má ekkert þiggja. Þar koma álfakonur í líki móður og systur manns og biðja mann að koma, og allra bragða er leitað.

framh. á bls. 34

Birgir Kjaran:

NIELS R. FINSEN

SÍÐARI HLUTI

„Því á ljósi lifað hef ég,
ljósið var mín einkahlíf,
blindur, þrotinn gjarnan gef ég
gyðju ljóssins þetta líf.
Seint og snemma alla ævi
undi ég sem barn á strönd,
meðan upp úr svölum sævi
sólin reis og birti lönd.“

Matth. Jochumsson
„Niels Finsen ljóslæknir“



Hér verður auðvitað fremur fjallað um manninn Niels Finsen, en vísindamanninn, til hins síðara skortir höfundur alla kunnáttu. Þó er hvorutveggja svo samtvinnuð, að ekki er nema hálf saga sögð sé ekki drepð á bæði atriðin.

Menn vissu sitthvað um ljósið fyrir daga Finsens. Að ljósið hafði áhrif á menn gagnstæð myrkrinu var vitað frá ómunatíð. Um það vitna hinir fornu sóldýrkendur. Rómverjar þekktu sólboð og Arabar óttuðust skuggann.

Í klausum, sem Finsen lét eftir sig segir hann sjálfur svo frá því hvernig áhugi hans fyrir sólarljósinu vaknaði:

„Fyrsti áhugi minn fyrir sólinni og sólarljósinu er frá árinu 1887 eða 1888,

þegar ég var við nám. Ég bjó þá á St. Anneplads nr. 13, í litlu herbergi á þriðju hæð. Ég minnst þess, að þegar ég sat og las sofnaði ég oft í stólnum, tók svo aftur til við lesturinn eftir blundinn, en sofnaði á ný!“ — Hann finnur, að í hinni litlu dimmu vinnustofu, sem snýr til norðurs vinnst honum illa og hann þreytist fljótt, en svo líður honum aftur þetur eftir að hafa gengið stundarkorn um göturnar í sólskininu. Einnig sá hann að dýrin sóttust eftir sólarljósinu, hann sá að köttur, sem svað makindalega í sólskininu flutti sig þegar skugga bar á að sólríkari stað. Nágranni hans sagði honum sömu söguna af hundinum sínum. Menn höfðu áður veitt þessu athygli, en Finsen spurði sjálf-

an sig um ástæðuna fyrir þessu? Hann leitaði skýringar í fræðibókum, en fann enga. Það var þá með öllu óvitað, hvaða gildi ljósið hefur fyrir líkamann, hvað þá heldur að læknavísindin gætu notfært sér það. — Á þessu sviði varð Niels R. Finsen brautryðjandinn.

Vitað var, að ljósið samanstendur af mismunandi geislum, allt frá svonefndum útrauðum til útfjólublárra geisla, og hafa þeir mismunandi áhrif á húð mannsins, ýmist heilsusamleg eða skaðleg. Sérstaklega á þetta við um sjúka húð. —

Um þessar mundir geisaði bólusótt í Bergen. Hræðilegur sjúkdómur á þeim tímum, sem afskræmdi andlit sjúklinganna með örum. Þar í borg fóru menn að ráðum Finsens og létu sjúklingana vera í svokölluðum „rauðum herbergjum,“ þar sem rauð tjöld voru fyrir gluggum til þess að útiloka útfjólubláu geislana, og árangurinn varð sá, að sjúklingarnir fengu ekki ör eftir að þeir höfðu náð bata. Þetta þótti merkileg uppgötvun þá. Nú á tímum eru börn hinsvegar bólusett gegn kúabólunni.

Sökum þess að sólardagar eru ekki mjög margir í Kaupmannahöfn, sérstaklega að vetrarlagi, fór Finsen fljótlega að gera ljóslækningatílaunir sínar við sterkt rafmagnsljós. Tækin, sem hann notaði við þetta smíðaði hann ýmist sjálfur eða lét aðra gera eftir sinni fyrirsögn. Þessi aðferð gaf ekki síður góða raun en notkun sólarljóssins.

Í ljósstækkara sína notaði hann silfurberg, vafalaust íslenzkt, í stað glerlinsu. Það var árið 1897, sem hann tók upp þessa nýju gerð stækkara. — Aðalviðfangsefni hans um þessar mundir var ljóslækning á húðberklum. Fram til þessa höfðu læknað reynt að ráða niðurlögum þessa sjúkdóms



Niels R. Finsen og kona hans Ingeborg.

með skurðaðgerðum, sem ef þær á annað borð tókust skildu oft eftir hræðilega ljót ör og afmyndun, en nú tókst Finsen að lækna mörg slík tilfelli með ljósaðferðinni. án þess að sjúklingar fengju varanleg lýti.

Fyrsti húðberklasjúklingur Finsens var N. Mogensen verkfræðingur, sem hafði ljóta húðberkla á hægri vanga. Allt hafði verið reynt til þess að lækna hann, en án árangurs og sjálfur hafði hann gefið upp alla von.

Um þessar mundir voru menn, sem og enn í dag eru hræddir við að láta gera tílaunir á sér með læknisfræðilegum nýjungum, en Mogensen bauð Finsen að reyna að sannprófa kenningu sína og tæki á sér. Þessa frumprófun gerði Finsen á Mogensen um tveggja til þriggja mánaða skeið, eða frá nóvemberlokum 1895 til marzmánaðar 1896. Daglega sat Mogensen í ljósi 20 ampers-lampa með mjög veikum stækkunartækjum. En árangur náðist og berklarnir stöðvuðust. Upp frá því varð hann einn helzti stuðningsmaður Finsens og baráttumaður fyrir því að Finsen yrðu sköpuð sæmileg vinnuskilyrði, en þau voru ömur-

leg um þetta leyti. — Hans var hugmyndin að komið væri á fót Finsens-ljóslækn-ingastofnun í líkingu við Pastör-stofnunina í París.

Næsti sjúklingur hans var Vilhelm Jørgensen verksmiðjueigandi, sem varð einn nánasti vinur Finsens og trúr samvinnumaður, það sem eftir var ævinnar. Ein hjálparhellan til viðbótar varð G. A. Hagemann framkvæmdastjóri. — Þessir menn gerðu kleift að hægt var árið 1896 að opna hið svonefnda „Finsens Institut.“ Þar með var haslaður völlur, Finsen fékk viðunandi vinnuskilyrði, fræði hans viðurkenningu og notagildi fyrir lækna og sjúklinga víða um lönd.

„Finsen medicinske Lysinstitut“ er stofnað var í október 1896 byrjaði að vísu smátt. Fyrstu sjúklingarnir voru tveir, enda húsakynni rúmlítill og takmarkaðir fjármunir til að greiða starfsfólki. Í árslok voru sjúklingarnir orðnir 15 og næsta ár 73. Árið 1897 komst stofnunin loks á fjárlög með danskar kr. 20.000, sem hrökk auðvitað skammt. Um aldamótin hafði stofnunin tekið 462 sjúklinga til meðferðar, og þá opnuðust loks augu danskra stjórnvalda fyrir gildi hennar, og bauð hún stofnuninni danskar krónur 200.000, sem vaxalaust lán. Enda var þá svo komið að margir erlendir þjóðhöfðingjar höfðu heimsótt stofnunina svo og frægir læknar og vísindamenn. Árið 1898 var Finsen gerður prófessor að nafnbót, en við prófessorsstarfi vildi hann ekki taka, því að svo virðist, sem honum hafi verið hálfgerð í nöp við sum háskólafræði samtíðar sinnar. Árið 1900 var honum boðið að halda fyrirlestur á læknaþingi í París. Hann gat heilsu vegna ekki sjálfur farið þangað, en erindið skrifaði hann og var þar flutt. Þar

komust kenningar hans fyrst fram í alþjóðlegt sviðsljós. Voru þar að vísu eitt-hvað umdeildar, sökum þess að þær kollvörpuðu sumpart hefðbundnum kenningum, en héldu velli við umræður og aðdáun flestra fundarmanna. Skammt var þess að bíða að vísindaafrek hans orkuðu ekki lengur tvímælis og að hann yrði heims-kunnur vísindamaður, en það var, er Karolinska Institutet í Stokkhólmi veitti honum Nobelsverðlaun 10. des. árið 1903. Samtímis fékk Björnson bókmenntaverðlaunin og Curie eðlifræðiverðlaunin. Hann var þá aðeins 43 ára, og þetta voru ekki óvirðulegir félagar.

Fyrsta verk hans var að gefa stofnun sinni þriðja hluta verðlaunaupphæðarinnar. Sagt er að hann hafi glaðzt yfir þessari viðurkenningu og virðingu, ekki persónulega vegna sjálfs síns, heldur vegna málstaðarins.

Það eru furðuleg afrek, sem Niels Finsen innti af hendi á skammri ævi og gekk þó aldrei heill til skógar. Þegar eftir að hann hafði lokið kandidatsprófi varð þess vart að vökvi safnaðist í kviðarhol hans, svo að hann átti bágð með alla hreyfingu og varð þá að tappa vökvann af. Iðulega varð að gera þetta og framkvæmt með nálarstungu. Eitt sinn henti það að nálin varð eftir inni í kviðarholinu. Læknarnir urðu skelfdir við, því að þeir álitu að nálinni yrði ekki náð nema með skurðaðgerð, sem þeir töldu Finsen illa undirbúinn og vart þola. Mesta öngþveiti ríkti á spítalanum, en Finsen einn hélt jafnaðargeði, og sagði læknum að láta sækja sterkasta segulstálið, sem til væri á „Polytekniska“-háskólanum, og með því tókst að draga nálinna út. Slík var stilling hans, andlegt jafnvægi og úrræðasemi.

Áhrifasvið Finsens var víðar en í ljóslækningum, hann rannsakaði einnig hjarta- og lifrarsjúkdóma og gerði þar meðal annars tilraunir á sjálfum sér. Árangur rannsókna á þessu sviði varð sá að stofnað var „Finsens Sanatoríum for Hjerte — og Leversygdomme,“ heilsuhæli fyrir hjarta- og lifrarsjúklinga.

Kunnugir telja að Niels Finsen hafi verið einstaklingur öllum öðrum ólíkur, sérstæður án þess að vera sérvitringur, heilsteypur án þess að vera kaldlyndur. Haft er eftir enskri konu: „He was not only an ideal man — he was the ideal man.“ — Hann var ekki aðeins fyrirmynd annarra manna, — hann var fyrirmyndarmaðurinn.“ —

Hann var ekki bara sérfræðingur, hann var ákaflega mannlegur og ótrúlega þrautseigur. Máttvana er honum ekið út í sólina í hjólastól og sífellt reynir hann að hvetja samstarfsmenn sína og nemendur til starfs og dáða. Hann hefur ánægju af tónlist og kaupir sér grammófón, sem þá var nýlunda og hlustar mikið á tónlist. Vænst þykir honum um 9. synfóníu Beet-hovens.

En vísindi og listir gefa jafnvel afburðamönnunum ekki allt. Athvarf og áveðurs-hlé þurfa flestir hvar í stétt eða mannvirðingarstiga sem þeir standa. Því láni átti Niels Finsen að fagna. — Ingeborg, biskupsdóttirin frá Ribe, reyndist honum óbrigðull förunautur í erfiðleikum og ofmetnaðist aldrei af mannvirðingum. Lífsreynsla hennar má og hafa verið mikil. Þau hjón misstu frumburð sinn, sem að hætti hafði verið beðið með eftirvæntingu, á fyrsta degi. Hún fylgdist af lífi og sál með tilraunum manns síns og tók þátt í þeim; en horfði jafnframt á að honum fór

dagversnandi og vissi að hverju stefndi, svo langt um aldur fram.

Hann vissi líka, hvernig fara mundi, því sagði hann á banalegu:

„Aldrig fortvivle Ingeborg
Aldrig fortvivle.“

—
Ingeborg, - aldrei skaltu örvænta.
Aldrei örvænta.

Harmleikur og hamingja eru örlagaspil lífsins. Á þá tóna var slegið í lífi Nielsar Finsen.

Hann var jafnan hógvær í hugsun vitandi um eigin hæfileika, svo hógvær, að eitt sinn sagði hann: „Menn verða hamingjusamir, ef þeir ná svo langt, að maður metur vinnu sína og hæfileika minna en aðrir meta þá.

Þegar Niels Finsen féll frá, svo tiltölulega ungur að aldri, sagði hann skömmu fyrir andlát sitt:

„Mikið er ég hamingjusamur maður.“
Hversvegna kunnum við að spyrja?

Hann var hamingjusamur, vegna þess að hann sá ávöxt erfiðis síns.

Hann var hamingjusamur vegna þess að þótt hann stefndi hátt, var hann hégóma-laus og vildi höndla vísindaleg sannindi.

Hann var hamingjusamur vegna þess að honum tókst að lina þjáningar annarra.

Hann var hamingjusamur vegna þess að hann trúði á það.

En svo falla fjöll, sem fjörudrangar.

Þegar er barið að dyrum eftir langan eða skamman áfanga, þá er ekki innt eftir afrekum eða nauðsyn, — örlögin kalla og enginn getur vikið.

Niels R. Finsen hafði löngum verið

framh. á bls. 33

Niels R. Finsen

framh. af bls. 7

heilsuveill maður; stundum talinn haldinn sullaveiki frá Íslandi (sem er hæpið) og síðar öðrum sjúkdómum. Dauðamein hans er þó talið hafa gerið þá sjaldgæfur hjarta-, nýrna- og lifrarsjúkdómur, sem vafasamt er að skilgreina.

Dagar liðu daprir, en ávallt sat Ingeborg hjá honum, þótt ekki væri margt talað; aðeins haldizt í hendur, þá stund sem hún mátti sitja við sjúkrarúmið.

20. september versnaði honum tilfinnanlega. Þá sagði hann við konu sína:

„Það er erfitt fyrir þig, hversu langan tíma þetta tekur.“

Laugardaginn 24. lét hann senda eftir nánustu samstarfsmönnum sínum og kvaddi þá. Þakkaði þeim samstarfið og óskaði þeim góðs gengis í starfinu í framtíðinni.

Læknarnir gengu út. Niels Finsen var þreyttur og andlitsdrættir hans breyttust. Hjúkrunarkonan hljóp eftir læknum. Þegar þeir voru komnir var hann látinn í örmum konu sinnar. 20. sept. var hann jarðsunninn í Marmarakirkjunni með mikilli viðhöfn, sem var þó mjög andstætt óskum hans. Honum var reistur veglegur minnisvarði, sem nefndist „Til ljóssins.“ Á grafreit hans í Vester Kirkegaard er færeyskur klettur, sem sólin baðar stundum og minnir á klettinn, sem hann hjó á fangamark sitt N.R.F.

Það efast enginn um það í dag, að Niels R. Finsen var mikilmenni á heimsmælikvarða, hitt er svo annað hvort við Norðurlandamenn gætum ekki að vissu leyti fundið í honum a.m.k. ættfræðilega samnefna-ara okkar, því að hann var gerður úr hörðu færeysku graníti, sorfnu af íslenzkum jöklum, iljaður sjálenzku draumlyndi með rósemi kyrrlátra vatna Holesetalands. Og einhverstaðar að erfði hann viljann til þess að gefast aldrei upp.

ORÐSENDING

ORÐSENDING

til áskrifenda VORSINS á Reyðarfirði og í Garði. — Þar sem umboðsmenn okkar á þessum stöðum hafa hætt störfum, fáðið þið blaðið hér eftir sent í pósti og áskriftargjald verður innheimt með póstkröfu. Ef þið hafið ekki fengið síðustu blöð á árinu '72, eruð þið vinsamlegast beðin að hringja eða láta vita bréflega og þá fáðið þið blöðin send.

Ennfremur er orðsending til þeirra, sem hafa skipt um heimilisfang. Eru þeir beðnir að láta vita hið fyrsta.